

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 90.

Lög um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.

Sjúkrahúsálög, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1953, nr. 93.

207

15. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar um að færa niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörum.

Fjármálaráðuneytið hefur með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 10 í 82. kafla tollskrár ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist þannig:

Tollskrá:			Vöru-	Verð-
Kafla	Nr.		magns-	tollur
			tollur	%
			Aurar	
82	10 — (1)	Netjakúllur úr tilbúnum mótanlegum efnum ..	kg	1 2
82	10 — (2)	Vatnsleiðslupípur úr tilbúnum mótanlegum efnum	—	7 10

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 15. desember 1953.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sigurður Áskelsson.

208

24. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 77 23. des. 1953, um innheimtu ýmissa gjalda 1954 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 77 23. des. 1953 og innheimta á árinu 1954 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkvæmt VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi. Uppboðslaun samkvæmt V. kafla skulu innheimt með 70% viðauka.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfastgjald og lestagjald.
- Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema gosdrykkjum samkv. 1. fötlul. 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. fötlulið sama kafla með 740% álagi, aldinsaft og limonaðisaft samkv.

5. og 6. tölulið sama kafla með 100% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölul. 3. kafla með 50% álagi. 208
24. des.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

209
24. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1954.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 86/1953 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1954.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. desember 1953.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

210
24. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 76 23. des. 1953 um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1954 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.